

Starfsreglur endurskoðunarnefndar SSNV

1. Skipun og hlutverk

Nefndin er kjörin á ársþingi /haustþingi í samræmi við gr. 2.5 í samþykktum SSNV. Hún skal starfa í samræmi við 108. gr. a-d laga um ársreikninga og er hlutverk hennar eftirfarandi:

1. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.
3. Hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga.
4. Meta óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans.

2. Heimildir

Nefndin hefur heimild stjórnar til að:

1. Fá þá aðstoð starfsmanna SSNV sem nefndin telur nauðsynlega til að sinna störfum sínum.
2. Hafa aðgang að þeim gögnum sem nefndin telur sig þurfa og fara yfir skráningu og meðferð bókhaldsgagna eftir því sem nefndin telur ástæðu til í samráði við endurskoðanda.

Nefndin skal yfirfara og samþykkja reikninga vegna endurskoðunar ársreikninga SSNV og skyldra aðila.

3. Stjórnskipan

Nefndarmenn

Þing SSNV kýs formann og two nefndarmenn og skulu minnst tveir þeirra hafa reynslu af endurskoðun eða reikningshaldi. Nefndin skipar sér ritara. Nefndarmenn skulu allir hafa þekkingu á starfsemi sveitarfélaga og/eða starfsemi landshlutasantaka sveitarfélaga. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Einungis nefndarmenn eiga rétt til setu á fundum. Nefndin getur boðað endurskoðanda og starfsmenn SSNV til fundar eftir því sem þurfa þykir. Endurskoðandi getur óskað eftir fundi með nefndinni og skal formaður boða fund innan mánaðar frá því að slík beiðni berst. Sama gildir ef nefndarmaður óskar eftir fundi. Nefndin skal funda um ársuppgjör með endurskoðanda samtakanna.

Upplýsingaskyldur nefndarinnar

Nefndin skal minnst árlega gera stjórn skriflega grein fyrir störfum sínum. Nefndin ber ábyrgð á að upplýsa stjórn um hver þau mál sem geta hafa veruleg áhrif á starfsemi eða afkomu samtakanna.

Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni samtakanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

4. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.